



## Fundargerð

218. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði miðvikudaginn 11. janúar 2017 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Sigríður Sigmundsdóttir, Þorvaldur P. Hjarðar, Karl Lauritzson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnhildur Ingvarsdóttir og Skúli Björnsson

### Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Skógarorka ehf.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:05

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### 1. Innkomin erindi

a) Samþykktir um fráveitur á Fljótsdalshéraði.

Kynnt og fer í unsagnarferli. Málið verður afgreitt á næsti fundi.

b) Eyvindará 3 – skipulags og byggingaráform.

Stjórn HEF óskar eftir að heildstætt skipulag liggja fyrir af Eyvindarársvæðinu, svo að hægt sé að ákveða lagnir og lagnaleiðir.

c) Erindi frá Vegagerðinni um undirbúning, endurbyggingar og klæðingar á 1,5 km kafla á Hróarstunguvegi um Urriðavatn. Varðar þetta HEF vegna endurnýjun á hitaveitulögnum að Urriðavatnsbæjum. Verði af þessum framkvæmdum vill stjórn HEF að lagnir verði endurnýjaðar, í framhaldi er æskilegt að endurskoða framkvæmdaáætlun.

d) Erindi sem varða HEF sem komu fram á Barramarkaði.

i. Jón Benjamínsson, frá Urriðavatni, hefur áhyggjur af frárennismálum vegna Ylstrandar.

Skolpi frá Ylströndinni verður ekki veitt í Urriðavatn.

ii. Jóhann Gísli Jóhannsson frá Breiðavaði spyr um hvenær hitaveita verði lögð til Eiða.



Ekki verður ráðist í hitaveituframkvæmdir á svæðinu fyrr en forsendur fyrir framkvæmd verði hagstæðar.

Framkvæmdastjóra falið að senda viðeigandi bókanir stjórnar HEF

e) Bréf frá HAUST

Varðar eftirlit með vatnsveitum HEF 2016, lagt fram til kynningar.

f) Bréf frá Stefáni Bragasoni varðandi uppfærslu á gjaldskrá fráveitu.

Mál tekið fyrir á stjórnarfundum nr. 217. Stjórn samþykkir uppfærða gjaldskrá, miðar við byggingavísitölu 130,2.

g) Samkvæmt lista Creditinfo yfir framúrskarandi fyrirtæki á Íslandi 2016 er HEF framúrskarandi fyrirtæki. Stjórn HEF fagnar þessum árangri.

h) Framkvæmdaráætlun jafnréttisáætlunar Fljótsdalshéraðs 2015 – 2019.

Lagt fram til kynningar.

## **2. Skógarorka ehf.**

Málefni Skógarorku rædd, frekari upplýsingar munu liggja fyrir á næsta fundi.

## **3. Skýrsla framkvæmdastjóra**

Andri Guðlaugsson, byggingafræðingur, hætti hjá HEF um áramótin. Stjórn HEF þakkar samstarfið, og óskar honum góðs gengis á nýjum vettvangi.

Fyrirtækið Herðir hefur hætt starfssemi.

Stefnt er að drög að ársreikningi verða til um miðjan febrúar.

## **4. Önnur mál**

Starfsmannamál rædd.

Boðað verður til næsta fundar með dagskrá.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 15.00

Fundargerð ritaði Sigríður Sigmundardóttir